

með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. másl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðslu-  
hlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds  
sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim  
áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslu-  
gjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

## 4. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum  
og gilda um innheimtu og lögvernd þess ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o.fl.,  
laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl með síðari  
breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982  
um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, sbr. 13. gr. laga nr. 3 1.  
mars 1986 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, öðlast þegar  
gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 230/1982 um sama efni svo og reglugerð nr.  
542/1982 um breyting á henni.

*Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.*

F. h. r.

**Sigurgeir A. Jónsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

28. febrúar 1986

Nr. 103

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatrygg-  
ingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 5% frá 1. mars 1986 að telja frá því sem þær  
voru 28. febrúar 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

## 2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00, skal greidd með aprílbotum þeim elli- og  
örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekju-  
tryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*